

FÉLAGSFRÆÐI

Grunnnám
hi.is/felagsfraedi



Við tökum vel á móti þér

Félagsfræði er skemmtilegt og áhugavert nám, sem tekur á brýnustu málefnum samtímans. Við tökum vel á móti þér þar sem námið fer fram í styðjandi og uppbyggilegu umhverfi nemenda og kennara sem eru alþjóðlega þekktir og virkir í rannsóknum.

Í félagsfræðinni lærir þú um minnstu samskipti tveggja einstaklinga yfir í hvernig helstu stofnanir samfélagsins virka og allt þar á milli. Þú getur lært um afbrot, geðheilsu, ójöfnuð, kynjamisrétti, karlmennsku, innflytjendamál, dægurmenningu, fjölmiðla, íþróttir, vinnustaðamenningu, velferð almennings og margt fleira. Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í rannsóknum kennara og að nota gögn frá stofnunum sem bjóða upp á atvinnutækifæri fyrir félagsfræðinga.

Námsleiðir

- BA próf í félagsfræði¹
- Félagsfræði, aðalgrein
- Félagsfræði, aukagrein
- Fjölmiðlafræði, aukagrein
- Skiptinám erlendis

Góð kennsla

- Ánægðir nemendur²
- Flest námskeið fámenn
- Samstarf við kennara
- Gagnrýnin hugsun
- Innsæi í virkni samfélagsins
- Útskýrir hvernig samfélagið virkar

Öflugt fræðasamfélag

- Árangursrík kennsla sem byggir á rannsóknum
- Sköpun þekkingar
- Kennarar virkir í rannsóknum
- Virkt alþjóðasamstarf

1 - 180e nám til þriggja ára

2 - 88% - 100% nemenda eru mjög eða frekar ánægðir með námið í nýlegum könnunum.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/felagsfraedi



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG
ÞJÓÐFRÆÐIDEILD



Fjölbreytt atvinnutækifæri að námi loknu

Félagsfræðin undirbýr þig vel fyrir síbreytilegan vinnumarkað, þar sem fólk þarf í auknu mæli að sýna fram á hæfni sína og þekkingu til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Í því umhverfi spila þættir eins og gagnrýnin hugsun, innsæi í virkni samfélagsins og skilningur á samskiptum einstaklinga lykilhlutverki. Námið er einnig góður grunnur fyrir framhaldsnám í ýmsum fögum.

„Í félagsfræðináminu þjálfaðist ég í að þekkja muninn á þekkingu og getgátum, mikilvægi faglegra vinnubragða og að koma frá mér hugmyndum í ræðu og riti.“
Ágúst Mogensen, sérfræðingur

Dæmi um störf félagsfræðinga

- Almennatengsl
- Framhaldsskólakennsla
- Framkvæmdastjórar
- Fjölmíðlun
- Sérfræðingar
- Kvikmyndagerð
- Stjórnsmál
- Rannsóknarstörf

Virkt nemendapjónusta

- Styðjandi og uppbyggilegt umhverfi
- Gott félagslíf
- Kennarar til staðar
- Náms- og starfsráðgjöf
- Nemendur geta leitað til kennara og annars starfsfólks

„Félagsfræðin er fjölbreytt og skemmtilegt nám sem nýtist manni á svo margan hátt. Aukinn skilningur á samfélaginu, ólíkum hefðum og gildum nýtist manni í allri samfélagslegri þáttöku.“

Hugrún Harpa Reynisdóttir, forstöðumaður

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/felagsfraedi



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG
ÞJÓÐFRÆÐIDEILD